

Tilmæli 11/2024  
Tillaga A 1963/UVU  
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 11/2024

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 11/2024 um norræna vídd í samgönguáætlunum landanna og telji afgreiðslu þeirra *lokið* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að þær hafi samráð við hin norrænu löndin um að skipuleggja í sameiningu landsbundin innviðaverkefni og innviðafjárfestingar þvert á landamæri á Norðurlöndum.

### Svar norrænu ríkisstjórnanna

Norrænu löndin er framarlega þegar kemur að þróun sjálfbærs samgöngugeira en flýta þarf fyrir umskiptunum. Norrænt samstarf skiptir miklu máli varðandi samræmingu hagsmuna og afstöðu norrænu landanna, sem deila að miklu leyti forsendum og áskorunum.

Í Fredrikstad-yfirlýsingunni frá nóvember 2022 hétu norrænu samgönguráðherrarnir því að tryggja gott norrænt samstarf til að geta mætt núverandi og framtíðaráskorunum samgöngugeirans. Ráðherrarnir eru sammála um að halda áfram samstarfinu og efla það enn frekar.

Í ljósi stöðunnar í öryggismálum og inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í NATO hefur þörfin fyrir öruggar og afkastamiklar tengingar milli landanna orðið enn ljósari. Óformlegu norrænu samstarfi um almannavarnir og viðbúnað, auk hernaðarlegs hreyfanleika, hefur verið komið á fót. Það fjallar um málefni sem teygja sig yfir landamæri og tengjast samgöngumannvirkjum og flutningum og mun einnig gagnast öllum notendum samgangna á Norðurlöndum.

Norræna samgöngukerfið mun halda áfram að þróast og verða enn samþættara. Norrænu samgönguráðherrarnir vilja bæta samgönguleiðir þvert á landamæri, ekki aðeins þær sem tilheyra samevrópska samgöngunetinu (TEN-T). Eins og staðan er í dag



er ekki til heildstæð stefnumótandi norræn sýn á þróun norræna samgöngukerfisins. Samgönguráðherrarnir eru sannfærðir um að heildstætt stefnumótandi skjal, þar sem núverandi samgönguáætlanir væru dregnar saman og lögð væri áhersla á tengingar milli landa, væri mjög jákvætt. Slíkt skjal myndi ekki koma í stað samgönguáætlana landanna heldur veita yfirsýn yfir þegar fyrirhugaðar aðgerðir.

Því eru norrænu samgönguráðherrarnir nú að íhuga að setja saman norræna stefnu til langs tíma um þróun tenginga yfir landamæri sem byggist á samgönguáætlunum landanna.

Núverandi samráðstækifæri

Nú þegar fer fram samhæfð áætlanagerð varðandi innviðaverkefni í löndunum þegar þess gerist þörf. Nefna má tvö nærtæk dæmi:

- Að beiðni sænsku og norsku ríkisstjórnanna hafa Trafikverket og Jernbanedirektoratet unnið saman að tveimur verkefnum sem snúa að járnbrautarleiðunum Stokkhólmur–Ósló og Gautaborg–Ósló.
- Að beiðni sænsku og dönsku ríkisstjórnanna hafa Vejdirektoratet, Trafikverket og Trafikstyrelsen unnið saman að stefnumarkandi greiningu á nýrri fastri tengingu yfir Eyrarsund milli Helsingborgar og Helsingør.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

## Sjónarmið nefndarinnar

Í svari ríkisstjórnanna er Fredrikstad-yfirlýsingin frá árinu 2022 nefnd sem dæmi um norrænt samstarf til að takast á við núverandi og framtíðaráskoranir í samgöngugeiranum. Einnig hefur verið komið á fót óformlegu norrænu samstarfi um almannavarnir, viðbúnað og hernaðarlegan hreyfanleika sem kemur öllum notendum samgangna á Norðurlöndum til góða.

Norrænu samgönguráðherrarnir vilja bæta samgönguleiðir þvert á landamæri, ekki aðeins þær sem tilheyra samevrópska samgöngunetinu (TEN-T). Heildstætt stefnumótandi skjal, þar sem núverandi samgönguáætlanir væru dregnar saman og lögð væri áhersla á tengingar milli landa, væri mjög jákvætt. Því eru norrænu samgönguráðherrarnir nú að íhuga að setja saman norræna stefnu til langs tíma um þróun tenginga yfir landamæri sem byggist á samgönguáætlunum landanna.

Þar sem ekki er til að dreifa neinni ráðherra nefnd um samgöngumál, heldur aðeins óformlegu samstarfi á því sviði, hefur nefndin heldur enga innsýn í hvað sé að gerast eða hvað sé fyrirhugað. Því hyggst nefndin bjóða samgönguráðherrunum til samráðsfundar á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi til að fá stöðuskýrslu um það sem hafur átt sér stað og það sem er í bígerð í tengslum við þessi mál.



Því má segja að svarið komi að með svarinu séu tilmælin að miklu leyti uppfyllt að því gefnu að fyrirhuguð stefna um þróun tenginga yfir landamæri til lengri tíma verði að veruleika.

Nefndi telur því að færi megi svarið til bókar og líta svo á að málið sé fullafgreitt af hálfu Norðurlandaráðs.

Helsinki, 31. mars 2025

*Gunilla Carlsson (S)*

*Kim Aas (S)*

*Mirja Räihä, (S)*

*Ragnhild Male Hartviksen (A)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Johan Dahl (sb)*

*Liz Mattsson (ÅC)*

*Markku Siponen (C)*

*Ann-Sofie Alm (M)*

*Lars Püß (M)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Ann-Christine Frohm (SD)*

*Liljan Weihe, (T)*

*Silje Hjemdal (FrP)*